

Reykjalundur endurhæfing ehf.

10. fundur stjórnar 29. júní 2021 kl. 08.15-10.00 á Reykjalundi, í fundarsalnum Grímansfelli.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjónsson.

Dagskrá.

1. Fundargerð síðast fundar til samþykktar og undirritunar.

Fundargerð 9. fundar stjórnar var lögð fram, samþykkt og undirrituð af stjórn.

2. Drög að stofnefnahagsreikningi – Endurskoðun og ráðgjöf ehf.

Gestir undir þessum lið voru endurskoðendurnir Henry Örn Magnússon og Agnar Páll Ingólfsson frá endurskoðunarfyrirtækinu Endurskoðun & ráðgjöf ehf. sem annast hefur endurskoðunarráðgjöf fyrir SÍBS vegna yfirfærslu endurhæfingarstarfseminnar á Reykjalundi yfir í Reykjalund endurhæfingu ehf. Þeir kynntu drög að stofnefnahagsreikningi. Nokkrar umræður urðu um drögin og mun stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. óska eftir fundi með stjórn SÍBS um yfirfærsluna í ágúst n.k.

3. Markmið um hallalausán rekstur – fyrstu tillögur PM.

PM leggur fram minnisblað um rekstrarniðurstöðu Reykjalundar undanfarin tvö og hálf ár og viðbrögð við henni. Niðurstaðan sýnir að 5% taprekstur var á árunum 2019 og 2020 og að það stefnir í sömu rekstrarniðurstöðu árið 2021.

4. Aðalfundur 25. ágúst 2021 kl. 14.00 á Reykjalundi.

Stjórnarformaður tilkynnti að hún mun óska eftir að núverandi stjórnarmenn sitji áfram í stjórn eftir aðalfundinn.

5. Önnur mál.

Aukafundur í stjórn verður haldinn þann 10. ágúst kl. 8.15 í fundarsalnum Grímansfelli á Reykjalundi.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 10. ágúst 2021.